

Starfsendurhæfing og örorkulífeyrir

Markvissari samskipti VIRK og lífeyrissjóða

Landssamtök lífeyrissjóða og VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður boða til fundar þar sem kynntar verða tillögur að nýju verklagi, auknum samskiptum og upplýsingaflæði milli VIRK og lífeyrissjóða. Markmiðið er að auka árangur og bæta upplýsingaflæði og gæði ákvarðana.

Fundurinn verður haldinn á Grand hóteli miðvikudaginn 26. október kl. 8:30 – 10:00.
Boðið er upp á morgunverð frá kl. 8:00 – 8:30.

Fundurinn er ætlaður starfsmönnum lífeyrisdeilda, stjórnendum og trúnaðarlæknum lífeyrissjóða.

Þess er óskað að þátttaka verði tilkynnt á radstefna@ll.is.

Dagskrá:

- | | |
|--------------|--|
| 8:00 - 8:30 | Morgunverður |
| 8:30 – 8:40 | Ávarp
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL |
| 8:40 – 9:00 | Ábyrgð og hlutverk mismunandi aðila. Hvernig náum við betri árangri saman?
Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK |
| 9:00 – 9:30 | Hvernig geta lífeyrissjóðir nálgast og nýtt upplýsingar frá VIRK?
Ingibjörg Loftsdóttir sviðsstjóri hjá VIRK |
| 9:30 – 10:00 | Breytt vinnulag til aukins árangurs
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, lögfræðingur hjá LSR |

Samstarf lífeyrissjóða og VIRK Ábyrgð – hlutverk - árangur



Vigdís Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri VIRK

Dagskrá

1. VIRK – hlutverk, starfsemi og árangur
2. Samstarf lífeyrissjóða og VIRK í dag
3. Staðan, orsakir, afleiðingar og kröfur í nýjum aðstæðum
4. Ábyrgð mismunandi aðila
5. Tækifæri og næstu skref



VIRK – hlutverk og starfsemi

- Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu
- Frá upphafi (2009) hafa um 10.600 einstaklingar leitað til VIRK
- Um 1900 einstaklingar eru í þjónustu VIRK í dag. Stór hluti þessa hóps hefur verið á vinnumarkaði
- Einstaklingar sem leita til VIRK eru með tilvísun frá lækni og glíma við flókin og margþættan vanda
- Ríflega 6000 einstaklingar hafa lokið þjónustu hjá VIRK

- Um 70% einstaklinganna eru í vinnu, atvinnuleit eða námi að lokinni starfsendurhæfingu (60% stöðugilda)
- Mestur líkur á árangri ef einstaklingar koma til VIRK sem fyrst eftir að vinnugeta skerðist. Um 76% einstaklinga sem eru enn með laun í veikindum við komu til VIRK fara á vinnumarkað við lok þjónustu
- Ef skoðaður er hópurinn sem er kominn á örorku hjá lífeyrissjóðum við komu til VIRK kemur í ljós að 26% þessara einstaklinga fara á vinnumarkað við lok þjónustu
- Talnakönnun metur ávinning af starfsemi VIRK verulegan:
 - Að gefnum hóflegum forsendum þá er metinn ávinningur um 13,8 milljarðar á árinu 2015 á meðan rekstrarkostnaður var um 2,2 milljarðar króna.

Samstarf lífeyrissjóða og VIRK í dag



Samstarf lífeyrissjóða og VIRK


- Á síðasta ári var framlag lífeyrissjóðanna til VIRK um 1250 milljónir króna
- VIRK þarf að skila til lífeyrissjóða mun hærrí fjárhæð í formi sparnaðar vegna lægri örorkulífeyrisgreiðslna í framtíðinni
- Samstarf lífeyrissjóða og VIRK hefur verið í þróun en mikilvægt er að báðir aðilar vinni markvisst að sameiginlegri stefnu og framtíðarsýn til að unnt sé að ná árangri til framtíðar



Samstarf VIRK og lífeyrissjóða í dag

- Farið yfir nýjar umsóknir um örorkulífeyri og skil á gögnum
- Þverfaglegt teymi hjá VIRK fer yfir að meðaltali um 80 umsóknir á mánuði frá flestum stærri lífeyrissjóðum landsins og kemur niðurstöðum á framfæri í gegnum svokallaða lífeyrissjóðsgátt.
- Þróunarverkefni í samstarfi við lífeyrissjóði hjá Arion banka:
 - VIRK hefur milligöngu um útvegum á trúnaðarlæknum
 - Markmiðið er að tengja betur saman niðurstöðu úr starfsendurhæfingarferli við mat á rétti til örorkulífeyris
 - Þróunarverkefni sem reglulega er endurskoðað

Niðurstöður þverfaglegs teymis eftir skoðun á umsóknum um örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum




Þetta samstarf hefur gengið vel en það er mikilvægt að halda áfram og taka næstu skref.

Staðan, orsakir, afleiðingar og kröfur í nýjum aðstæðum



Hvert er verkefnið?

Kostnaður vegna örorkulífeyris (ma.kr.)
- á föstu verðlagi september 2014



- 18 þús. einstaklingar á endurhæfingar- eða örorkulífeyri á árinu 2014
- Fjölgað um 10 þús. á síðustu 20 árum
- Um 12-1300 nýir einstaklingar fara á örorkulífeyri á hverju ári

Hvað veldur?

- Fjölmargar ástæður og flókið samspil ólíkra þátta þar sem oft reynist erfitt að greina orsakir og afleiðingar
- Hækkandi eftirlaunaaldur
- Tækniþróun og menntunarkröfur
- Mikil fjölgun einstaklinga sem glíma við geðræna sjúkdóma – geðræn vandamál eru stærsta ástæða örorku í flestum OECD ríkjum:
 - Aukin þekking og viðurkenning á geðrænum sjúkdómum
 - Breytt viðhorf til geðrænna sjúkdóma
 - Minni sveigjanleiki á vinnumarkaði?
 - Auknar greiningar

Samfélagslegar breytingar

- „*Helstu áhrifapættir heilbrigðis og veikinda eru frekar háðir lífsstíl, félags- og menningarumhverfi og sálrænum (persónulegum) þáttum en líffræðilegu ástandi og hefðbundinni heilbrigðisþjónustu*“
- „*Vinna: áhrifamesta leiðin til að bæta vellíðan einstaklinga og fjölskyldna og byggja upp gott samfélag*“
- „*Hindranir fyrir því að fara (aftur) í vinnu eru fyrst og fremst sálfræðilegar, félagslegar, persónulegar og menningarlegar: ekki læknisfræðilegar*“
 - Úr fyrirlestri Sir Mansel Aylward á ársfundi VIRK 2013



Kröfur í nýjum aðstæðum.....

- Það er á ábyrgð hvers einstaklings að sjá fyrir sér með launuðu starfi en mikilvægt að einstaklingar fái aðstoð til sjálfshjálpar í erfiðum aðstæðum
- Tilvist sjúkdóma ekki nægjanlegt skilyrði fyrir fjarveru frá vinnumarkaði
- Gæta þarf þess að sjúkdómsvæða ekki erfiðar aðstæður einstaklinga
- Skýra þarf ábyrgð og hlutverk mismunandi aðila innan velferðarkerfisins – heildarsýn og stefnumótun nauðsynleg
- Við þurfum að breyta viðhorfum okkar til samhengis heilsubrests og vinnu og tryggja jafn vel rétt einstaklinga til vinnu eins og rétt til fjarveru frá vinnu vegna veikinda
- Flókið og illa samhæft framfærslukerfi getur komið í veg fyrir árangur í starfsendurhæfingu

Ábyrgð mismunandi aðila



Ábyrgð einstaklinga

- Stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði
- Taki virkan þátt í starfsendurhæfingarþjónustu og leggi sig fram um að auka starfsgetu sína



Kerfið í heild sinni þarf að koma þessum skilaboðum á framfæri

Ábyrgð VIRK:

- Meta þörf á aðkomu VIRK
- Veita einstaklingsbundna starfsendurhæfingarþjónustu þar sem markmiðið er aukin þátttaka á vinnumarkaði
- Upplýsa lífeyrissjóði um stöðu mála og um framgang starfsendurhæfingar
- Meta starfsgetu einstaklinga eftir þörfum og óskum lífeyrissjóða
- Upplýsa lífeyrissjóði um starfsgetu og tímabil endurhæfingaráætlunar þannig að greiðslur til einstaklinga séu í takt við tímabil í starfsendurhæfingu og metna starfsgetu

Ábyrgð lífeyrissjóða

- Greiða örorkulífeyri/endurhæfingarlífeyri í samræmi við lög og samþykktir
- Upplýsa einstaklinga um afleiðingar þess að sinna ekki starfsendurhæfingu teljist hún raunhæf
- Sjá til þess að tímabil greiðslna sé í samræmi við starfsendurhæfingaráætlanir
- Taka mið af niðurstöðum formlegs og staðlaðs starfsgetumats hjá VIRK við ákvörðun örorkulífeyris

Ábyrgð fleiri aðila

- Heilbrigðiskerfið
- Tryggingastofnun ríkisins
- Vinnumálastofnun
- Sveitarfélög
- Velferðarráðuneytið
- Atvinnurekendur
- Stéttarfélög



Hlutverk og breytingar

Ef lífeyrissjóðir eru hluti af samfélagslegu kerfi og örorkulífeyri lífeyrissjóða byggist á mati á vinnugetu til framtíðar þá er mikilvægt:

- Að mat á starfsgetu og starfsgetumissi byggi ekki eingöngu á tilvist sjúkdóma heldur einnig á áhrifum þeirra á starfsgetu viðkomandi einstaklings
- Að félagslegar aðstæður og umhverfi einstaklinga hafi ekki áhrif á mat á vinnugetu þeirra
- Að setja skýr skilyrði um virka þátttöku einstaklinga í starfsendurhæfingarpjónustu og fylgja þeim eftir

Tækifæri og næstu skref



Tækifæri og næstu skref

- Hvernig ætla lífeyrissjóðir að nýta þær upplýsingar sem verða til ferlinu?
- Mikilvægt að skilgreina betur ferli mála
- Við ákvörðun um rétt til örorkulífeyris þá þarf m.a. að svara eftirfarandi spurningum:
 - Er starfsgeta til staðar þrátt fyrir tilvist sjúkdóma?
 - Er starfsendurhæfing fullreynd – hefur verið unnið markvisst með bæði hindranir og styrkleika viðkomandi einstaklings?
 - Hvar liggur hindrunin? Er hún þess eðlis að það sé hlutverk lífeyrissjóðsins að greiða viðkomandi framfærslu til lengri tíma?

Nauðsynlegar breytingar



- VIRK þarf að þróa þjónustu og upplýsingagjöf í takt við áherslur og kröfur lífeyrissjóða ásamt því að uppfylla skilyrði laga og reglna um persónuvernd
- Horfa þarf meira á starfsgetu en vangetu við mati á rétti til örorkulífeyris
- Samstarf VIRK og lífeyrissjóða þarf að verða nánara – skilgreina þarf sameiginleg markmið og leiðir
- Breytingar eru mjög mikilvægar en geta verið erfiðar og kalla oft á breytt vinnulag og áherslur

Vinum saman



“Damn, Toto! We’re back in Kansas!”